

varðandi leiðbeiningastarfsemi í niðursuðuiðnaði.

Flm.: Valtýr Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samninga við Fiskifélag Íslands um, að félagið ráði í þjónustu sína einn eða fleiri leiðbeinendur í niðursuðumálum og gangist fyrir, að haldin verði námskeið fyrir verkstjóra í niðursuðuiðnaði.

Greinargerð.

Íslendingar eru ein mesta fiskveiðipjóð heimsins og eiga líka þjóða mest undir því, að fiskur fái úr sjó. Aflinn, sem í land berzt árlega, er undirstaða og meginþáttur í útflutningi þjóðarinnar. Þessi afli er seldur úr landi lítið unnninn. Í mörgum tilfellum taka hinir erlendu kaupendur hann og vinna úr honum vöru, sem verður margföld að verðmæti móts við það, sem hún kostaði þá, og dreifa henni síðan til neytenda. Íslendingar keppast við að afla hráefnisins, þeir auka fiskiskipastólinn árlega að nýjum og vönduðum skipum, setja í skipin dýr fiskleitartæki og sökkva vönduðum veiðarfærum í sjó, allt til þess að auka aflann, hráefnið.

Óflun fiskisins, hinnar ágætu og eftirsóttu vöru, er að sjálfsgöðu undirstöðuatriðið. Hitt er og jafnljóst, að æskilegt er — og eftir því sem lengur liður nauðsynlegt — að auka verðmæti aflans, áður en hann er fluttur út á markað, með sem mestri vinnslu innanlands. Fiskitegundir þær, sem veiðast við Ísland, eru misjafnlega vel fallnar til slíkrar vinnslu; mun sild til niðursuðu og niðurlagningar vera þar fyrst í flokki vegna magns og gæða.

Niðursuða og niðurlagning sildar og annarra fisktegunda er enn sem komið er í mjög smáum stíl hér á landi. Starfandi mun þó á annan tug niðursuðverksmiðja. Samkvæmt skýrslum yfir útflutning sjávarafurða 1957 nemur fiskframleiðsla þessi til útflutnings 0.4% af heildarverðmæti allra fiskafurða ársins, sem fluttar eru út, en nokkuð af framleiðslu þeirra fer á markað innanlands og kemur því ekki fram í útflutningnum. Til samanburðar má geta þess, að á því ári eru framleiðsluvörur norskra niðursuðverksmiðja 15% af heildarútflutningsverðmæti Norðmanna. Standa Norðmenn því nær 40 sinnum framar okkur Íslendingum á þessu sviði.

Á vegum Iðnaðarmálamálastofunar Íslands var hér á ferð í sumar norskur verkfræðingur í niðursuðuiðnaði, Karl Sundt Hansen. Hann heimsótti allar niðursuðverksmiðjur, sem nú eru starfandi hér á landi. Að lokinni ferð sinni samdi hann skýrslu um ástand og horfur í íslenskum niðursuðuiðnaði, og hefur þessi skýrsla verið send alþingismönnum. Er skýrslan hin fróðlegasta og ábendingar hans og beinar leiðbeiningar mjög athyglisverðar um þessi mál. Bendir hann á, hversu nauðsynlegt sé að auka hér niðursuðuiðnað fiskafurða, þó þannig, að sú þróun fari ekki hraðar en eðlilegir möguleikar leyfa, þar sem einkum vantar reynslu og þekkingu nógu almennt í þessari iðngrein. — Við niðursuðu og niðurlagningu mælir hann sérstaklega með Faxaflóasild, sem veiða má meiri hluta ársins. Sú sild er ekki jafnverðmæt útflutningsvara og Norðurlandssild, en er heppileg hvað gæði snertir til niðursuðu og niðurlagningar. Í Keflavík og nágrenni hafa verið saltaðar af þessari sild rúmar 20 þús. tonn til jafnaðar á ári undanfarin ár. Útflutningsverðmæti þessar sildar mundi hafa aukizt drjúgum, ef henni hefði verið breytt í iðnaðarvöru. — Í þessu sambandi má benda á, hversu æskilegt það er, að á Suðurnesjum rísi upp sildarniðursuðuiðnaður. Aukningar atvinnutækja þar er brýn nauðsyn eftir hina öru fólksflutninga þangað undanfarin ár, einkum þó ef vinnan á Keflavíkurflugvelli dregst verulega saman.

Eins og að framan er lauslega getið, bendir hinn norski niðursuðverkfæringur á, að vissa þekkingu og æfingu þurfi til að láta niðursuðuiðnað heppnast, og hann telur það reyndar grundvallarskilyrði, þess vegna þurfi að byrja á því að gefa mönnum færi á að kynna sér iðngreinina, — að þeir aðilar, einstaklingar eða félög, sem áhuga hafa á að stofna til niðursuðuiðnaðar, eigi aðgang að upplýsingastofnun, þar sem þeim væru gefin góð ráð og leiðbeiningar um byggingu og fyrirkomulag niðursuðverksmiðja, val véla, tækja o. fl. í því sambandi. Þá er þessum aðilum og nauðsynlegt að fá í þjónustu sína til daglegrar stjórnar og eftirlits, þegar til iðnrekstrarins kemur, menn, sem kunna til verksins. Upplýsingar um markaðshorfur, hvernig framleiðslan verður söluhæfust, þarf líka að vera hægt að fá. Sem bakhjarl að slíkri þjónustu sýnist eðlilegt að velja Fiskifélag Íslands, sem þegar hefur á sínum vegum ráðunauta til leiðbeiningastarfsemi í þágu sjávarútvegsins.